

Dalabyggð  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 30. apríl 2018  
UST201803-119/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016 - Hlíð og Búðardalur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Dalabyggðar er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Dalabyggðar 2004 – 2016 á svæði hlíðar og Búðardals.

### **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar að Hlíð í Hörðudal**

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir breytingu á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði á tæplega 6 ha svæði og í svæði fyrir verslun og þjónustu á 2 ha svæði þar sem staðsetja á gistihýsi til útleigu.

#### **Staðhættir**

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað frístundasvæði er sunnan við Hörðudalsveg eystri, þar sem heitir Gildrubrekkur og það er austan við ármót Vífilsdalsár og Laugarár. Einnig kemur fram að svæðið er gróið og hefur verið nýtt til beitar.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdir eru áætlaðar í grennd við Vífilsdalsá þá segir eftirfarandi í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Því skulu framkvæmdir ekki áætlaðar nær ánni en 50 m. Einnig bendir stofnunin á að skv. 26. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka er hindri umferð gangandi manna.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um frístundasvæði í gildandi aðalskipulagi.

### **Umhverfismat**


Umhverfisstofnun tekur undir að áhrif eru talin neikvæð á ásýnd með áætluðum framkvæmdum. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir komi til með að falla vel að umhverfinu og núverandi byggð á svæðinu.


### **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar – Búðardalur - íbúðabyggð**

Varðandi uppbyggingu í Búðardal, tekur Umhverfisstofnun undir það að áhrif á ásýnd eru á heildina litið neikvæð þar sem nýjar byggingar hafa ávallt einhver áhrif á ásýnd svæða. Einnig tekur stofnunin undir það að með skilmálum í deiliskipulagi og aðlögun að þeirri byggð sem fyrir er má lágmarka áhrifin.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við áætlaða uppbyggingu íbúðarsvæða í Búðardal.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur